



## Kvistlack

Vörunr. 6209

### Lýsing

Kvistlack (6209) er 30% "schellakk"-lausn notuð til þess að einangra kvisti og viðarkvoðu áður en málað er yfir með alkýð- eða hefðbundnum plastmálningum til þess að koma í veg fyrir blæðingu seinna meir.

### Notkun

Kvistlack (6209) er til þess að einangra efni sem geta blætt í gegnum alkýð- og hefðbundin plastmálningarefni. Þessi efni eru t.d. tjara, viðarkvoða, túss o.fl.

### Tæknilegar upplýsingar

<b>Pakkningar:</b> 1/3 lítra	<b>Áhaldahreinsir:</b> Standardförtuning NT-63
<b>Eðlisþyngd:</b> 0,9 kg/l	<b>Þurrktími:</b> ½ - 1klst
<b>Þurrefni:</b> 22 % (rúmmál)	<b>Yfirmálun:</b> Lágmark: ½ - 1klst
<b>Þynnir:</b> Etanól	

### Undirmálun

Engin.

### Yfirmálun

Málið yfir með alkýð- og plastmálningarefnum.

### Áhöld

Pensill. Hreinsið áhöld strax að lokinni notkun með Standardförtuning NT-63.

### **Vinnutilhögun**

Viðarkvoða fjarlægist með slípun, skröpun eða þvotti með terpentínu. Berið **Kvistlack** á með lakkpensli. Berið einungis á kvisti og þá staði sem viðarkvoða kemur úr. Mála má yfir **Kvistlack** eftir u.þ.b. ½ klst með alkýð- eða hefðbundnum plastmálningarefnum.

### **Varúðarmerkingar**

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur etanól.

Umbúðir skulu vera vel luktar. Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar. Má ekki losa í niðurfall.

Geymist þar sem börn ná ekki til.